

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. janúar 2013  
Tilvísun: UST20121200088/ksj

## Mat á umhverfisáhrifum - Tilkynning skógrækt í landi Garðs II í Skútustaðahreppi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 12. desember sl. og erindis frá sömu stofnun með fyllri upplýsingum er barst 15. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum áætlun um skógrækt í landi Garðs í Mývatnssveit skuli háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 6.gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum. Einnig er óskað eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila. Áætlað skógræktarsvæði er á vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár.

Með þessari umsögn dags. 16. janúar fellur fyrri umsögn Umhverfisstofnunar dags. 10. janúar úr gildi.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/1974 voru felld úr gildi með lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár.

### Framkvæmdasvæðið

Áætlað skógræktarsvæði er 160 ha og er svæðið afgirt og hefur verið landgræðsluslusvæði til fjölda ára. Svæðið er staðsett um 850 m suðaustan við þjóðveg nr. 1. Í greinargerð kemur fram að gerður var samningur milli landeigenda Garðs og Landgræðslunnar árið 1996 og einnig kemur fram að Landgræðslan lagði til 20 tonn af áburði árlega auk þess sem sáð var melgresi og grasfræi á stór svæði í sk. beitarhólf innan jarðanna Kálfsstrandar og Garðs. Í framlengdum samningi frá 2011 sem er til 5 ára, er áburðarmagn fært niður í 13,2 tonn á ári.

Í greinargerð er fylgir tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu kemur einnig fram að á ofangreindu svæði skiptast á gömul helluhraun, yngri brunahraun sem eru úfin og sendin, og nokkuð sléttir hraunbarmar.

## Lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu

Í ofangreindum lögum kemur fram að markmið þeirra er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Einnig segir í lögnum að þau eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

### Notkun áburðar

Í 19. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður- Þingeyjarsýslu nr. 665/2012 kemur fram að óheimilt er að dreifa áburði á frosna jörð á vatnasviðinu. Einnig kemur fram að það sé að öðru leyti skylt að fara að starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, við geymslu og notkun áburðar á vatnasviðinu. Einnig kemur fram í 23. gr. sömu reglugerðar að bein losun áburðar í yfirborðsvatn á vatnasviðinu er óheimil sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu er lögð áhersla á notkun tilbúins áburðar. Þar segir m.a. : „*Eins og staðan er í dag er gróðurþekja sem búið er að koma upp í landinu viðkvæm og getur glatast á stuttum tíma ef dregið verður úr áburðargjöf með tilbúnum áburði.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áburðargjöf vegna væntanlegrar skógræktar orsaki ekki útskolun næringarefna í Mývatn, en vísbendingar eru um að aukin úskolun næringarefna í Mývatn sé að stuðla að auknum þörungagróðri í vatninu. Að mati Umhverfisstofnunar gefur ræktunaráætlun Norðurlandsskóga fyrir Garð II í Mývatnssveit þá mynd að tilbúinn áburður verði notaður í hófi við ræktunina eða 15 gr. á plöntu.

### Umhverfisáhrif

Á heimasíðu Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn kemur fram að nær allt aðrennsli í Mývatn komi um lindir meðfram austurströnd vatnsins og þar kemur einnig fram að vatnið hafi síast neðanjarðar á vatnasviði sem talið er að nái frá Dyngjufjöllum í suðri og hálfa leið austur að Jökulsá á Fjöllum. Á heimasíðunni kemur einnig fram að stærsta lindin opnast innst í Garðsvogi við bæinn Garð. Mynd af reiknuðu grunnvatnsrennslíku við Mývatn á bls. 32 í skýrslu um grunnvatnslíkan af vatnasviði Mývatns sem unnin var af Verkfræðistofnunni Vatnaskil fyrir Landsvirkjun og gefin út í desember 1999 gefur sömu mynd. Uppleyst köfnunarefni er bærust í grunnvatnið myndu væntanlega dreifast með vatni frá lindaruppsprettunni um allt svæðið.

Að mati Umhverfisstofnunar gætu orðið neikvæð umhverfisáhrif af völdum ofauðgunar í Mývatni ef mikil notkun tilbúins áburðar yrði á áætluðu skógræktarsvæði. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að á svæðinu verði tilbúinn áburður notaður í hófi ásamt því að notaður yrði húsdýraáburður. Húsdýraáburðurinn myndi auk þess flýta fyrir myndun jarðvegs.

Húsdýraáburður hripar ekki eins hratt í gegnum sendinn jarðveginn og tilbúinn áburður væri líklegur til að gera.


### Jarðmyndanir


Fram kemur í greinargerð er fylgir matsskyldufyrirspurn að auk þess að vera á verndarsvæði er áætlað skógræktarsvæði á svæði þar sem skiptast á gömul helluhraun, yngri brunahraun, úfin og sendin og nokkuð sléttir hraunbarmar. Einnig kemur fram að hraunin eru í dag sandorpin, og að mikilvægt sé að hefta sandfok. Þar sem eldhraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd telur stofnunin mikilvægt að samvinna verði milli Umhverfisstofnunar og skógræktenda að vernda þær hraunmyndanir sem ekki eru sandorpnar og fella skógræktina að hraunmyndunum.

### Niðurstaða

Varðandi skógrækt í landi Garðs II telur Umhverfisstofnun að mesta hætta á neikvæðum umhverfisáhrifum geti skapist vegna áburðargjafar sem geti haft áhrif í þá átt að ofauðgun verði í Mývatni vegna köfnunarefnis er þangað gæti borist. Að mati stofnunarinnar er lykilatriði að farið sé að lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu hvað varðar meðhöndlun á áburði og verndun vatnasviðisins sem og reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig telur stofnunin mikilvægt að samráð verði haft við Umhverfisstofnun varðandi varðveislu jarðmyndana er njóta sérstakrar verndar. Áætlunin um skógrækt á ofangreindu svæði felur í sér að eingöngu verða gróðursettar innlendar tegundir eða eins og segir í greinargerð: „Gulvíðir, ilmbjörk, ilmreyrir og loðvíðir“, og telur Umhverfisstofnun það afar mikilvægt. Einnig telur Umhverfisstofnun markmið um landslagshönnun í ræktunaráætlun fyrir Garð II í Mývatnssveit mikilvæg. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áburðargjöf verði í samræmi við ræktunaráætlun er gerð hefur verið fyrir Garð II í Mývatnssveit af Norðurlandsskógum.

Að mati Umhverfisstofnunar mun áætluð skógrækt í landi Garðs II í Skútustaðahreppi ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif ef þess er gætt að nota tilbúinn áburð í hófi og að farið verði að lögum nr. 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012.

Virkjungarfyllst  
  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur